

Nd.

452. Breytingartillögur

[5. mál]

við frv. til laga um lögreglumenn.

Frá Gísla Guðmundssyni og Halldóri Ásgrímssyni.

1. Við 1. gr. 1. málslíður 1. málsg. orðist svo:

Ríkisstjórnin ákveður, samkvæmt ósk sveitarstjórnar eða sýslunefndar, að í sveitar- eða sýslufélagi, þar sem eru 500 íbúar eða fleiri, skuli vera allt að einum lögregluþjóni á hverja 500 íbúa, og hefur heimild til slíkrar ákvörðunar, að fengnum tillögum sveitarstjórnar, ef brýna nauðsyn ber til.

2. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist:

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsg. skal, ef meiri hluti hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarstjórna óskar, staðsetja ríkislögreglumenn í einstökum landsfjórðungum í réttu hlutfalli við tölu lögreglumanna þar (1:3) skv. 1. gr.

Lögreglumenn ríkisins og varalögreglumenn skv. 4. gr. annast löggæzlu frá 15. júní til 15. sept. ár hvert í kauptúnum, þar sem fjöldi aðkomufólks dvelur um stundarsakir vegna síldveiða; enn fremur á öðrum stöðum og árs-tímum eftir ákvörðun ráðherra, þar sem nauðsyn þykir til slíkra ráðstafana.

Ráðherra er heimilt að láta lögreglumenn ríkisins og varalögreglumenn skv. 4. gr. annast löggæzlu á samkomum utan kaupstaða, ef hlutaðeigandi lögreglustjóri gerir grein fyrir þörf þess.

3. Við 4. gr. 2. málsg. falli niður.